

Fundur 20.5.2024 Sveinn Víkingur Þórarinnsson.

Komið þið öll blessuð og sæl.

*Já góða kvöldið.*

Er ég hér orkumikill og nýt ég þess mjög, aðstreymis orkunnar sem kemur að utan og sem við sköpum sjálf með samstillingu okkar, og hefur Nýals kenningin vissulega gengið upp í smáatriðum og gleður það mig mjög.

Vildi ég gjarnan að þið finnduð orku mína og hef ég ekki verið svo magnaður síðan ég var ungur maður á jörðinni ykkar og finnst mér ég styrkjast dag frá degi.

Við erum hér stödd á fögru landssvæði sem minnir mjög á æskustöðvar konu minnar og hef ég mjög gaman af því að læra örnefnin og ganga hér um og svífa þegar orkan er nægileg og hér eru nokkur minni farartæki sem ég get ekki nefnt að sinni, en einnig eru hér áhöld og landbúnaðartæki sem fróðlegt væri að segja frá, þar sem þau ganga fyrir annarri orku en þekkest á jörðunni og er meira í ætt við lífgeislana og líforkuna, en vonandi gefst mér tækifæri til að segja frá því síðar.

Það er nú orðið svo langt síðan ég talaði við ykkur síðast, að ég hélt erindi um það sem ég talaði um við ykkur, fyrir framlífs mannkyn, ekki tókst að halda áfram með það erindi við ykkur og kannski það takist síðar.

En höfum við tvö tekið flugið og svifið eins og sagt er og notið nýfenginnar æsku og þessarar nýfengnu æskudaga og höfum við einnig verið viðstödd fundi þessa og sent ykkur orku, sérstaklega syni okkar og öðrum fjölskyldu meðlimum.

*Ert þú Sveinn Víkingur ?*

Já, sæll vertu, sæll vertu.

*Velkominn.*

Fjölskyldu meðlimun og ætlaði að segja frá skynjun minni þegar ég koma hér yfir, það er mjög, það þarf talsvert mikla orku og segja einnig frá draumum mínum, bæði til ykkar og annarra mannkynja, en eru hér aðrar fræðigreinar sem ég hef áhuga á að mennta mig betur í og Elsa sumuleiðis, Guðrún Elsa.

Hef ég þurft að temja mér jákvæðni og enn frekari kærleika til að losna að fullu við sjúkdóminn sem hrjáði mig þegar ég kom yfir og tók það mig ekki langan tíma, en voru það fyrstu vikurnar og mánuðir að jafna sig að fullu og njóta orkunnar.

Og var það mér gleði að fá konuna yfir, en hugsum við mikið til ykkar og höfum áhyggjur af ykkur og okkur finnst aldrei nægileg orka send á milli.

Gleður það okkur að þeir bræðurnir reyna að sættast og finnst henni sérlega mikilvægt að sjá um gamla staðinn og halda því í horfinu.

Já ég verð víst brátt að kveðja, orkan fer minnkandi að nýju, en orkan er ekki alltaf nægileg, stundum tekst okkur að komast í gegn, Þorsteinn Jónsson vill endilega komast í sambandið, við sjáum til hvernig það gengur.

Ég þakka fyrir mig, kveð ég nú að sinni og sendi kveðju til míns fólks, verið þið sæl og blessuð.

*Vertu blessaður Sveinn, við komum því áfram.*

Já.